



Ferill 119. máls. Aðrar útgáfur af skjalinu: [PDF](#) - [Word Perfect](#).

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 119 – 119. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (fæðingarstaður og sveitarfélag fyrsta lögheimilis barns).

Flm.: Björn Leví Gunnarsson, Helgi Hrafn Gunnarsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Þorsteinn Víglundsson.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í þjóðskrá skal m.a. skrá upplýsingar um fæðingarstað barns og sveitarfélag fyrsta lögheimilis þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 149. löggjafarþingi (587. mál) en var ekki afgreitt. Frumvarpið er nú flutt með breytingum.

Í svari samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á þingskjali 659 á 148. löggjafarþingi (273. mál) kemur fram að fæðingarstaður barns er heiti þess sveitarfélags þar sem fæðing á sér stað. Í skýrslu frá fæðingaskrá fyrir árið 2016 kemur fram að 74,1% allra fæðinga voru þá á Landspítalanum (LSH), 9,8% á Sjúkrahúsinu á Akureyri, 7,3% á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, 2,1% á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, 1,5% á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi, 0,1% á Heilbrigðisstofnun Suðurlands í Vestmannaeyjum, 0,9% á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði, 1,9% á Heilbrigðisstofnun Austurlands í Neskaupstað, 0,3% á leið á fæðingarstað og 2,1% fæðinga eru heimafæðingar. Samkvæmt þessu fæðast börn í raun aðallega í átta sveitarfélögum í landinu.

Nauðsynlegt er að halda utan um fjölda fæðinga á heilbrigðisstofnunum og á öðrum stöðum en jafnframt geta þess í hvaða sveitarfélagi barn er fyrst skráð með lögheimili. Endurspeglar slík skráning með réttari hætti uppruna barns óháð því hvert móðir þurfti að leita til að fæða barnið en oft þurfa konur af illri nauðsyn að fara langar vegalengdir til að sækja fæðingarþjónustu. Má þar nefna konur í Vestmannaeyjum sem nær undantekningarlaust fara til Reykjavíkur til að fæða börn sín en einungis þrjú börn fæddust í Vestmannaeyjum árið 2017. Skýrist það aðallega af því að þjónustustig fæðingardeildar í Vestmannaeyjum er D1, þ.e. lítil fæðingardeild á heilbrigðisstofnun þar sem ljósmæður

starfa auk heilsugæslulækna. Þar er ekki skurðstofa og ekki starfandi skurðlæknir eða fæðingarlæknir. Þótt barnið fæðist í Reykjavík vegna aðbúnaðar fæðingarþjónustu í Vestmannaeyjum er það hins vegar Vestmannaeyingur og er rétt að skráning í þjóðskrá endurspegli það. Til þess að tryggja með frekari hætti skráningu á uppruna barns óháð fæðingarstað er með frumvarpi þessu lagt til að í þjóðskrá skuli m.a. skrá fæðingarstað barns og það sveitarfélag þar sem barn er fyrst skráð með lögheimili.
